

Ed.

661. Frumvarp til laga

[20. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán Landsvirkjunar og til að taka lán og endurlána það Landsvirkjun til virkjana í Tungnaá.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59/1965 (með áorðnum breytingum), svo og 1. gr. laga nr. 96/1970, að fjárhæð allt að 15 milljónum Bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í öðrum gjaldmiðli. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, er komi að hluta eða öllu leyti í stað ábyrgðar samkvæmt 1. málsgrein, og endurlána það Landsvirkjun með þeim kjörum og skilmálum sem hún ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.